

Priðjudaginn 19. maí 1981.

Nr. 43/1980. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Ragnari Erni Eiríkssyni

(Gunnlaugur Þórðarson hrl.).

Þjófnaður. Nytjastuldur. Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjað er tveimur dómum sakadóms Reykjavíkur frá 14. maí og 22. maí 1979 á hendur ákærða. Mál þessi hafa verið sameinuð í Hæstarétti og eru dæmd í einu lagi.

I.

Í ákæruskjali 17. nóvember 1978, sem um er fjallað í dómi sakadóms Reykjavíkur 22. maí 1979, er getið húss við Óðinsgötu nr. 4 í Reykjavík í stað húss nr. 4 við Urðarstíg. Þetta ranghermi, sem einnig er í héraðsdómi, var leiðrétt í málflutningi hér fyrir dómi, og kom fullkomin vörn fram eftir þá leiðréttingu. Er því hægt að leggja dóm á þetta ákæruefni þrátt fyrir þessa skekkju, sbr. 3. málsg. 118. gr. laga nr. 74/1974.

II.

Ákæruefnum er réttilega lýst í hinum áfrýjuðu dómum og brot færð til refsíákvæða, er við eiga. Eftir uppsögu héraðsdómanna hefur ákærði verið sakfelldur með dómi sakadóms Reykjavíkur 10. júlí 1979 fyrir brot á 244. gr., sbr. 20. gr., og sumpart 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Refsing var eigi dæmd, sbr. 78. gr. laganna. Hinn 19. október 1979 sætti ákærði 300.000 króna sekt fyrir brot á 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, og var hann sviptur rétti

til að öðlast ökuleyfi ævilangt frá þeim degi að telja. Hinn 12. maí 1980 sætti hann 30 daga fangelsi með dómi sakadóms Reykjavíkur fyrir brot á 259. gr. almennra hegningarlaga, 25., 27. og 37. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga nr. 82/1969. Þá var hann með dómi sakadóms Reykjavíkur 29. október 1980 sakfelldur fyrir brot á 244. gr. almennra hegningarlaga, en refsing var eigi dæmd, sbr. 78. gr. sömu laga.

Refsingu ber að ákveða með vísan til 4. töluliðs 70. gr., 77. og 78. gr. almennra hegningarlaga, og þykir hún hæfilega ákveðin 7 mánaða fangelsi.

Samkvæmt gögnum, sem lögð hafa verið fyrir Hæstarétt, sætti ákærði gæsluvarðhaldi frá 29. september til 31. október 1977. Á gæsluvarðhaldsvist þessi að koma framangreindri refsingu til frádráttar, sbr. 76. gr. almennra hegningarlaga.

III.

Í dómi sakadóms Reykjavíkur 14. maí 1979 er eigi leyst úr þeirri kröfu ákærvalds, sem greind er í ákæruskjali 10. janúar 1978, að ákærði verði sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi. Áður en þessi dómur var kveðinn upp, hafði ákærði verið sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi með dómi sakadóms Reykjavíkur 9. ágúst 1978 í 1 ár frá birtingu dóms að telja. Í dómi sama dóms 7. nóvember 1978 var hann sviptur ökuréttindum í 2 ár frá birtingu dómsins, þótt hann hafi aldrei öðlast ökuréttindi. Í dómi sakadóms Reykjavíkur 22. maí 1979, sem hér er til endurskoðunar, urðu þær málalyktir, að ekki þóttu efni til að svipta ákærða rétti til að öðlast ökuleyfi, þegar virtir væru fyrri dómar á hendur honum um það atriði. Svo sem áður greinir, var ákærði með dómi sakadóms Reykjavíkur 19. október 1979 sviptur ævilangt rétti til að öðlast ökuleyfi frá birtingu dómsins.

Brot þau, er greinir í hinum áfrýjuðu dómum, voru framin áður en dómarnir frá 9. ágúst og 7. nóvember 1978 gengu. Ákærði þykir hafa unnið til ökuleyfissviptingar vegna háttsemi þeirrar, sem hann er sakfelldur fyrir í hæstaréttardómi þessum. Hann var sviptur ökuleyfi ævilangt með dómi 19.

október 1979, og verður þeim dómi ekki áfrýjað samkvæmt almennum réttarfarsreglum. Með tilliti til þessa verður öku-leyfissvipting eigi dæmd í máli þessu.

IV.

Staðfesta ber ákvæði dóms sakadóms Reykjavíkur 22. maí 1979 um skaðabótakröfu þá, sem þar greinir.

Í dómi sakadóms Reykjavíkur 14. maí 1979 er skaðabótakrafa í XIII. lið dómsins talin vanreifuð, og segir þar, að um hana verði eigi dæmt í málinu. Þykir verða að skilja þetta svo, að kröfunni hafi verið vísað frá dómi, sbr. 3. mgr. 146. gr. laga nr. 74/1974. Kemur hún því eigi til álita hér fyrir dómi, sbr. 1. mgr. 147. gr. sömu laga. Aðrar skaðabótakröfur, sem héraðsdómari dæmir að efni til, stafa af tjóni, sem ákærði hefur valdið með brotum sínum. Eru þær eigi vefngdar hér fyrir dómi. Ber því að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms um hverja einstaka kröfu, en í því efni standa lög eigi til að byggja á því, svo sem gert er í héraðsdómi, að ákærði hafi gengist undir skaðabótagreiðslu fyrir dómi, enda var hann þá ófjárráða, og eigi naut við atbeina lögráðamanns hans.

V.

Ákvæði hinna áfrýjuðu dóma um sakarkostnað eiga að vera óröskuð að því er ákærða varðar.

Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 3.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, 3.000.00 krónur.

Það athugast, að í dómi sakadóms Reykjavíkur 14. maí 1979 var eigi leyst til hlítar úr kröfum ákæruvalds í málinu.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Ragnar Örn Eiríksson, sæti 7 mánaða fangelsi, en gæsluvarðhald hans frá 29. september til 31. október 1977 komi refsivist til frádráttar.

Ákvæði hinna áfrýjuðu dóma um skaðabætur og

sakarkostnað eiga að vera óröskuð að því er ákærða varðar.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 3.000.00 krónur, og málsvarnarlaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Gunnlaugs Þórðarsonar hæstaréttarlögmanns, 3.000.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 14. maí 1979.

Ár 1979, mánudaginn 14. maí, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Ármanni Kristinssyni, saka-dómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 271—274/1979: Ákærvaldið gegn Frank Róbertssyni, Loga Ernis Sigvaldasyni, Óðni Ernis Sigvaldasyni og Ragnari Erni Eiríkssyni, sem tekið var til dóms samdægurs.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 10. janúar 1978, gegn ákærðu

„1) Frank Róbertssyni, Skógargærði 1, fæddum 17. febrúar 1960 í Færeyjum,

2) Loga Ernis Sigvaldasyni, Sjafnargötu 1, fæddum 15. maí 1959 í Reykjavík,

3) Óðni Ernis Sigvaldasyni, Stórholti 31, fæddum 13. janúar 1961 í Reykjavík,

4) Ragnari Erni Eiríkssyni, Grýtubakka 30, fæddum 9. maí 1960 í Reykjavík,

öllum þar í borg, fyrir eftirgreind brot, framin í Reykjavík, nema annars sé getið, árið 1977.

I. Ákærði Ragnar Örn.

1) Í aprílmánuði fór ákærði ásamt Hinrik Erlingssyni, fæddum 23. september 1962, inn í kjallara Bústaðakirkju og stal þar allt að 1.000 krónum í peningum, 6 segulbandsspólum, hljóðnema og sælgæti.

2) Aðfararnótt laugardagsins 21. maí braust ákærði inn í Bíla-markaðinn, Grettisgötu 18, í því skyni að stela þar verðmætum.

3) Nótt eina þetta vor braust ákærði inn í matstofu Miðfells við Höfðabakka og stal þar 15 vindlingapökkum og tveimur gos-drykkjarflöskum.

4) Í júnímánuði braust ákærði inn í verslunina Síld og fisk í Bergstaðastræti og stal þar 4 dósum af matvælum, 2 lítrum af ávaxtasafa og kexpakka.

5) Föstudagskvöldið 29. júlí braust ákærði inn í verslunina Kron við Norðurfell og stal þar allt að 1.000 krónum í peningum, allt að 5 lengjum af vindlingum og sælgæti.

6) Laust eftir miðnætti miðvikudaginn 21. september stal ákærði seðlaveski með 14.000 krónum og skilríkjum úr bifreið við Hafnarbíó.

7) Aðfararnótt sunnudagsins 25. september braust ákærði inn í bifreið við Blóðbankann og stal úr henni segulbandsspólu.

8) Miðvikudaginn 2. nóvember stal ákærði skyrtuból úr versluninni Flík við Skúlagötu.

9) Aðfararnótt laugardagsins 14. maí tók ákærði í heimildarleysi bifreiðina R 51992, settist undir stýri hennar og lét hana renna niður Nóatún að Laugavegi, þótt hann væri undir áhrifum áfengis og ökuréttindalaus.

Telst atferli ákærða, eins og því er lýst í liðum 1 og 3—8, varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, eins og því er lýst í lið 2, við 244. gr., sbr. 20. gr. sömu laga, og eins og því er lýst í lið 9, við 1. mgr. 259. gr. sömu laga, sbr. lög nr. 20/1956, og 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr., 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

II. Ákærðu Frank og Ragnar Örn.

1) Aðfararnótt laugardagsins 24. september stálu ákærðu segulbandstæki, 5 segulbandsspólum og veski með skilríkjum úr bifreiðinni Ö 1804, sem stóð mannlaus við Fjölnisveg 14.

2) Aðfararnótt mánudagsins 28. september stálu ákærðu tösku með lækniáhöldum úr bifreið, sem stóð á lóð Landspítalans.

3) Miðvikudaginn 2. nóvember stal ákærði Ragnar Örn bók úr bókaverslun Lárusar Blöndal á Skólavörðustíg, seldi hana fyrir 1.000 krónur í fornbókaverslun, og þáði meðákærði Frank af honum helming fjárins, þótt honum væri kunnugt um, hvernig þess væri aflað.

Telst ofangreint atferli ákærðu varða við 244. gr. almennra hegningarlaga, eins og því er lýst í liðum 1 og 2, eins og því er lýst í lið 3, við sömu grein að því er ákærða Ragnar Örn varðar, en við 254. gr. sömu laga að því er tekur til ákærða Franks.

III. Ákærðu Óðinn Ernis og Ragnar Örn.

1) Nótt eina á tímabilinu 22. til 24. júlí brutust ákærðu tvívegis inn í verslunina Fótóhúsið í Bankastræti og stálu þar allt að 27.000 krónum í peningum, þremur ljósmyndavélum og linsu.

2) Aðfaranótt laugardagsins 23. júlí brutust ákærðu inn í Borgarbókasafnið við Þingholtsstræti og stálu þar allt að 250 krónum í peningum.

Telst þetta hvort tveggja varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

IV. Ákærðu Logi Ernis og Ragnar Örn.

1) Nótt eina í júlímánuði brutust ákærðu inn í verslunina Síld og fisk í Bergstaðastræti og stálu þar 3 dósum af niðursoðnum matvælum og 1 lítra af mjólk.

2) Aðfararnótt föstudagsins 22. júlí fóru ákærðu inn í farfuglaheimilið við Laufásveg og stálu þar allt að 9.600 krónum í peningum og söfnunarbauk.

Telst þetta hvort tveggja varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

V. Ákærðu Ragnar Örn, Frank og Logi Ernis.

1) Þriðjudagskvöldið 27. september brutust ákærðu inn í bifreiðina G 3340 og stálu úr henni seðlaveski með skilríkjum, gullkrossi og happdrættisskuldabréfi ríkissjóðs að nafnverði 1.000 krónur.

2) Þetta sama kvöld fóru ákærðu inn í húsnæði Júdófélags Íslands, Brautarholti 18, og stálu þar tvennum skóm.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

VI. Ákærðu Ragnar Örn, Logi Ernis og Óðinn Ernis.

1) Aðfararnótt þriðjudagsins 19. júlí sammæltust ákærðu um það að brjótast inn í verslunarhúsnæði Kaupfélags Króksfjarðar að Reykhólum. Brutust ákærðu Ragnar Örn og Óðinn Ernis þar inn og stálu allt að 20.000 krónum í peningum, 6 vindlingalengjum, nokkrum gosdrykkjarflöskum, sælgæti og 5 pörum af sokkum, en meðákærði Logi Ernis stóð á varðbergi.

2) Ákærðu sammæltust ennfremur um það þessa nótt að brjótast inn í húsnæði sama kaupfélags í Króksfjarðarnesi, þar sem þeir ákærðu Ragnar Örn og Óðinn Ernis brutust inn og stálu allt að 30.000 krónum í peningum, nokkrum vindlingapökkum og dós með sviðasultu, en meðákærði Logi Ernis stóð á varðbergi.

3) Í byrjun ágústmánaðar brutust ákærðu inn í verslunina Síld og fisk við Bergstaðastræti og stálu 2 banönum, nokkrum tómötum, 2 dósam af frönskum kartöflum, 2 dósam af jógúrt og 2 bréfum af áleggi.

4) Aðfararnótt fimmtudagsins 4. ágúst brutust ákærðu inn í Húsgagnaverslun Reykjavíkur í Brautarholti og stálu þar tveimur flöskum með áfengisslöttum í.

5) Sömu nótt brutust ákærðu í þjófnaðarskyni inn í húsið nr. 1. við Skipholt.

6) Ákærðu brutust þessa sömu nótt inn í Sælacafé við Nóatún og stálu þar tveimur vindlingapökkum og dálitlu magni af sælgæti.

7) Helgina 13. til 15. ágúst reyndu ákærðu að brjótast í þjófnaðarskyni inn í húsið nr. 12 við Baldursgötu.

8) Sunnudagskvöldið 14. ágúst brutust ákærðu inn í húsnæði fræðsluskristofu Reykjavíkur og Starfsmannafélags Reykjavíkur, Tjarnargötu 12, og stálu þar 60 bandaríkjadölum, 5.000 krónum í peningum og vindlakassa.

Telst ofangreint atferli ákærðu í liðum 3, 4, 6 og 8 varða við 244. gr. almennra hegningarlaga, í liðum 5 og 7 við 244. gr., sbr. 20. gr. sömu laga, í liðum 1 og 2 við 244. gr. sömu laga að því er varðar ákærðu Ragnar Örn og Óðin Ernis, en 244. gr., sbr. 22. gr. að því er varðar ákærða Loga Ernis.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og skaðabóta og ákærði Ragnar Örn jafnframt til sviptingar réttar til þess að öðlast ökuréttindi samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga.

Samkvæmt sakarvottorði ákærða Franks hefur hann sætt kær- um og refsingum sem hér segir:

1977 3/2 í Reykjavík: Sátt, 25.000 kr. sekt fyrir brot gegn 25. gr. umferðarlaga. Sviptur rétti til ökuleyfis í 1 ár frá 3. febrúar 1977.

1977 13/1 í Reykjavík: Uppvís að broti gegn 1. mgr. 259. gr. hegningarlaga. Ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár frá 13. janúar 1977.

Samkvæmt sakavottorði ákærða Loga Ernis hefur hann sætt kær- um og refsingum sem hér segir:

1977 í Reykjavík: Uppvís að broti gegn 1. mgr. 259. gr. hegningarlaga. Ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár frá 11. júlí 1977.

1977 6/9 í Reykjavík: Sátt, 45.000 króna sekt fyrir brot gegn

25. og 27. gr. umferðarlaga. Sviptur ökuleyfi í 3 mánuði frá 6. september 1977.

Samkvæmt sakavottorði ákærða Óðins Ernis hefur hann sætt kærum og refsingum sem hér segir:

- 1976 20/11 í Reykjavík: Sátt, 2.000 kr. sekt fyrir brot gegn 21. gr. áfengislaga.
- 1976 í Vestmannaeyjum: Uppvís að broti gegn 1. mgr. 259. gr. hegningarlaga. Ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár frá 13. desember 1976.

Samkvæmt sakavottorði ákærða Ragnars Arnar hefur hann sætt kærum og refsingum sem hér segir:

- 1977 í Reykjavík: Uppvís að broti gegn 244. gr. hegningarlaga. Ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár frá 21. mars 1977.
- 1977 1/6 í Reykjavík: Dómur: 4 mánaða fangelsi skilorðsbundið í 2 ár fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.
- 1977 22/5 í Reykjavík: Sátt, 2.000 kr. sekt fyrir brot gegn 21. gr. áfengislaga.

Málsatvik eru þessi:

I.

Ákærði Ragnar Örn hefur fyrir dómi játað, að hann hafi í aprílmánuði árið 1977 farið ásamt öðrum pilti inn í kjallara Bústaðakirkju hér í borg, en pilturinn hafði lykil að þeim húsa- kynnum að láni, og tekið þar heimildarlaust og í auðgunarskyni 1.000 krónur í peningum, sælgæti, hljóðnema og 6 segulbands- spólur. Hljóðneminn komst til skila.

Æskulýðsheimilið Bústaðir, Reykjavík, hefur gert skaðabóta- kröfu að fjárhæð kr. 6.000, ákærði samþykkt hana, og verður hún tekin til greina.

Með eigin játningu ákærða Ragnars Arnar, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að hann hafi gerst sekur um háttsemi, sem varðar hann refsingu samkvæmt 244. gr. al- menkra hegningarlaga nr. 19/1940.

II.

Ákærði Ragnar Örn hefur fyrir dómi játað, að hann hafi aðfar- anótt laugardagsins 21. maí 1977 brotist í þjófnaðarskyni inn í Bílamarkaðinn, Grettisgötu 18 hér í borg, þar sem hann var handtekinn af götulögreglu.

Með eigin játningu ákærða Ragnars Arnar, sem er í samræmi

við önnur gögn málsins, telst sannað, að hann hafi gerst sekur um háttsemi, sem varðar hann refsingu samkvæmt 244., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

III.

Ákærði Ragnar Örn hefur fyrir dómi játað, að hann hafi snemma vors árið 1977 tekið að ófrjálstu nokkra vindlingapakka og tvær gosdrykkjaflöskur á matstofu Miðfells við Höfðaborg hér í borg. Skaðabótakrafa kom ekki fram af hálfu fyrirtækisins.

Með eigin játningu ákærða Ragnars Arnar, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að hann hafi gerst sekur um háttsemi, sem varðar hann refsingu samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

IV.

Ákærði Ragnar Örn hefur fyrir dómi játað, að hann hafi í júní-mánuði árið 1977 farið inn í verslunina Síld og fisk við Bergstaðastræti hér í borg og tekið þar að ófrjálstu nokkurt magn matvæla.

Með eigin játningu ákærða Ragnars Arnar, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að hann hafi gerst sekur um háttsemi, sem varðar hann refsingu samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

V.

Ákærði Ragnar Örn hefur fyrir dómi játað, að hann hafi hinn 29 júlí 1977 brotist inn í verslun Kron við Norðurfell hér í borg og tekið þar að ófrjálstu 1.000 krónur í peningum og nokkurt magn sælgætis og tóbaks.

Verslunin Kron hefur gert skaðabótakröfu að fjárhæð kr. 60.746. Ákærði samþykkti kröfuna, sem tekin verður til greina.

Með eigin játningu ákærða Ragnars Arnar, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að hann hafi gerst sekur um háttsemi, sem varðar hann refsingu samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

VI.

Ákærði Ragnar Örn hefur fyrir dómi játað, að hann hafi hinn 21. september 1977 heimildarlaust og í auðgunarskyni slegið eign sinni á seðlaveski, sem í voru 14.000 krónur í peningum og skilríki, úr bifreið við Hafnarbíó hér í borg.

Með eigin játningu ákærða Ragnars Arnar, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að hann hafi gerst sekur um háttsemi, sem varðar hann refsingu samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

VII.

Ákærði Ragnar Örn hefur fyrir dómi játað, að hann hafi hinn 25. september 1977 tekið að ófrjálssu segulbandsspólu úr bifreið við Blóðbankann hér í borg.

Með eigin játningu ákærða Ragnars Arnar, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að hann hafi gerst sekur um háttsemi, sem varðar hann refsingu samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

VIII.

Ákærði Ragnar Örn hefur fyrir dómi játað, að hann hafi hinn 2. nóvember 1977 tekið að ófrjálssu skyrtuból úr versluninni Flík við Skúlagötu hér í borg.

Með eigin játningu ákærða Ragnars Arnar, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að hann hafi gerst sekur um háttsemi, sem varðar hann refsingu samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

IX.

Ákærði Ragnar Örn hefur fyrir dómi játað, að hann hafi hinn 14. maí 1977 tekið í heimildarleysi bifreiðina R 51992 og látið hana renna niður Nóatún, enda þótt hann væri undir áhrifum áfengis og ökuréttindalaus. Magn alkóhóls í blóði ákærða reyndist vera 0.65‰.

Með eigin játningu ákærða Ragnars Arnar, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að hann hafi gerst sekur um háttsemi, sem varðar hann refsingu samkvæmt ákvæðum þeim, sem í ákæru greinir.

X.

Ákærðu Frank og Ragnar Örn hafa fyrir dómi játað, að þeir hafi hinn 24. september 1977 slegið eign sinni á fjármuni úr bifreiðinni Ö 1804 við Fjölnisveg 14 hér í borg, svo sem nánar er rakið í ákæru.

Guðlaugur Kristjánsson, Fjölnisvegi 14 hér í borg, hefur gert

skaðabótakröfu að fjárhæð kr. 5.500. Ákærði Ragnar Örn hefur samþykkt kröfuna, og verður hann dæmdur til greiðslu hennar.

Með eigin játningum ákærðu Franks og Rangars Arnar, sem eru í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að þeir hafi gerst sekir um háttsemi, sem varðar þá refsingu samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

XI.

Ákærðu Frank og Ragnar Örn hafa fyrir dómi játað, að þeir hafi hinn 28. september 1977 tekið að ófrjálsum úr bifreið á lóð Landspítalans tösku með læknisáhöldum í, sem komst til skila.

Með eigin játningum ákærðu Franks og Ragnars Arnar, sem eru í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að þeir hafi gerst sekir um háttsemi, sem varðar þá refsingu samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

XII.

Ákærði Ragnar Örn hefur fyrir dómi játað, að hann hafi hinn 2. nóvember 1977 tekið að ófrjálsum bók úr verslun við Skóla-vörðustíg og selt hana síðan í fornbókaverslun fyrir kr. 1.000, en ákærði Frank játaði að hafa verið með honum og tekið við helmingi andvirðisins.

Með eigin játningum ákærðu, sem eru í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að þeir hafi gerst sekir um háttsemi, sem varðar Ragnar Örn refsingu samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en ákærða Frank við 254. gr. sömu laga.

XIII.

Ákærðu Óðinn Ernir og Ragnar Örn hafa fyrir dómi játað, að þeir hafi nótt eina í síðari hluta júlímánaðar árið 1977 farið inn í verslunina Fótóhúsið við Bankastræti hér í borg og tekið þar að ófrjálsum allt að 27.000 krónum í peningum. Hins vegar neituðu þeir að hafa tekið þar ljósmyndavörur, og verður slíkt talið ósannað.

Fótóhúsið hefur krafist skaðabóta að fjárhæð kr. 299.703. Ákærðu hafa mótmælt kröfunni. Krafan er vanreifuð, og verður ekki um hana dæmt í máli þessu.

Með eigin játningum ákærðu Óðins Ernir og Ragnars Arnar, sem eru í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að þeir hafi gerst sekir um háttsemi, sem varðar þá refsingu samkvæmt 244. gr. hegningarlaga nr. 19/1940.

XIV.

Ákærðu Óðinn Ernis og Ragnar Örn hafa fyrir dómi játað, að þeir hafi hinn 23. júlí 1977 brotist inn í Borgarbókasafnið við Þingholtsstræti hér í borg og slegið þar að ófrjálsum eign sinni á 250 krónur. Miklar skemmdir voru unnar á innbrotssstað.

Borgarbókasafnið hefur krafist skaðabóta að fjárhæð kr. 75.000. Ákærðu samþykktu kröfuna, og verða þeir in solidum dæmdir til greiðslu hennar.

Með eigin játningum ákærðu Óðins Ernis og Ragnars Arnar, sem eru í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að þeir hafi gerst sekir um háttsemi, sem varðar þá refsingu samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

XV.

Ákærðu Logi Ernis og Ragnar Örn hafa fyrir dómi játað, að þeir hafi í júlímánuði árið 1977 farið inn í verslunina Síld og fisk við Bergstaðastræti hér í borg og tekið þar að ófrjálsum lítilræði af matvælum.

Með eigin játningum ákærðu Loga Ernis og Ragnars Arnar, sem eru í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að þeir hafi gerst sekir um háttsemi, sem varðar þá refsingu samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

XVI.

Ákærðu Logi Ernis og Ragnar Örn hafa fyrir dómi játað, að þeir hafi hinn 22. júlí 1977 farið inn í Farfuglaheimilið við Laufásveg hér í borg og tekið þar að ófrjálsum söfnunarbauk með 9.600 krónum í.

Ákærði Logi Ernis endurgreiddi helming fjárhæðarinnar, en Farfuglaheimilið hefur krafist 4.800 króna skaðabóta, og verður ákærði Ragnar Örn dæmdur til greiðslu þeirra fjárhæðar.

Með eigin játningum ákærðu Loga Ernis og Ragnars Arnar, sem eru í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að þeir hafi gerst sekir um háttsemi, sem varðar þá refsingu samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

XVII.

Ákærðu Ragnar Örn, Frank og Logi Ernis hafa fyrir dómi játað, að þeir hafi hinn 27. september 1977 brotist inn í bifreiðina G 3340, þar sem hún stóð við Laugardalshöll hér í borg, og

tekið að ófrjálssu úr henni ýmis fjárverðmæti, svo sem rakið er í ákæru.

Edda Sigurðardóttir, Langeyrarvegi 13, Hafnarfirði, hefur krafist 23.200 króna skaðabóta og Anna Hafsteinsdóttir, Ásbúð 16, Garðabæ, 10.600 króna skaðabóta. Verða þeir Ragnar Örn og Logi Ernir in solidum dæmdir til greiðslna krafnanna.

Með eigin játningum ákærðu Ragnars Arnar, Franks og Loga Ernir, sem eru í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að þeir hafi gerst sekir um háttsemi, sem varðar þá refsingu samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

XVIII.

Ákærðu Ragnar Örn, Frank og Logi Ernir hafa fyrir dómi játað, að þeir hafi hinn 27. september 1977 farið inn í húsakynni fyrir-tækis að Brautarholti 18 hér í borg og tekið þar að ófrjálssu tvenna skó, sem komust til skila.

Með eigin játningum ákærðu Ragnars Arnar, Franks og Loga Ernir, sem eru í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að þeir hafi gerst sekir um háttsemi, sem varðar þá refsingu samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

XIX.

Ákærðu Ragnar Örn, Logi Ernir og Óðinn Ernir hafa fyrir dómi játað, að þeir hafi aðfaranótt þriðjudagsins 19. júlí 1977 brotist inn í húsakynni Kaupfélags Króksfjarðar að Reykhólum og í Króksfjarðarnesi og á stöðum þessum tekið heimildarlaust og í auðgunarskyni 50.000 krónur í peningum og ýmsa aðra fjármuni, svo sem nánar er rakið í ákæru.

Kaupfélag Króksfjarðar hefur krafist skaðabóta að fjárhæð krónur 82.500. Ákærðu samþykktu kröfuna, sem tekin verður til greina.

Með eigin játningum ákærðu Ragnars Arnar, Loga Ernir og Óðins Ernir, sem eru í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að þeir hafi gerst sekir um háttsemi, sem varðar þá refsingu samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

XX.

Ákærðu Ragnar Örn, Logi Ernir og Óðinn Ernir hafa fyrir dómi játað, að þeir hafi í byrjun ágústmánaðar árið 1977 tekið að ófrjálssu ýmis matvæli úr versluninni Síld og fisk við Bergstaðastræti hér í borg.

Með eigin játningum ákærðu Ragnars Arnar, Loga Ernis og Óðins Ernis, sem eru í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að þeir hafi gerst sekir um háttsemi, sem varðar þá refsingu samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

XXI.

Ákærðu Ragnar Örn, Logi Ernis og Óðinn Ernis hafa fyrir dómi játað, að þeir hafi hinn 4. ágúst 1977 farið inn í verslun við Brautarholt hér í borg og tekið þar að ófrjálstu tvær flöskur með áfengisslöttum í.

Húsgagnaverslun Reykjavíkur, Brautarholti, Reykjavík, hefur krafist skaðabóta að fjárhæð kr. 18.975. Ákærðu samþykktu kröfuna, og verða þeir in solidum dæmdir til greiðslu hennar.

Með eigin játningum ákærðu Ragnars Arnar, Loga Ernis og Óðins Ernis, sem eru í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að þeir hafi gerst sekir um háttsemi, sem varðar þá refsingu samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

XXII.

Ákærðu Ragnar Örn, Logi Ernis og Óðinn Ernis hafa fyrir dómi játað, að þeir hafi hinn 4. ágúst 1977 brotist í þjófnaðarskyni inn í húsakynni fyrirtækja í húsinu Skipholti 1 hér í borg.

Gunnar Pálsson og Guðmundur Þórarinnsson, báðir að Skipholti 1, hafa krafist skaðabóta, Gunnar að fjárhæð kr. 45.000 og Guðmundur kr. 30.000. Ákærðu samþykktu kröfurnar, og verða þeir in solidum dæmdir til greiðslna þeirra.

Með eigin játningum ákærðu Ragnars Arnar, Loga Ernis og Óðins Ernis, sem eru í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að þeir hafi gerst sekir um háttsemi, sem varðar þá refsingu samkvæmt 244., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

XXIII.

Ákærðu Ragnar Örn, Logi Ernis og Óðinn Ernis hafa fyrir dómi játað, að þeir hafi hinn 4. ágúst 1977 farið inn í Sælakaffi við Nóatún hér í borg og tekið þar að ófrjálstu lítilræði af tóbaki og sælgæti.

Sælakaffi, Reykjavík, hefur krafist skaðabóta að fjárhæð kr. 22.000. Ákærðu samþykktu kröfuna, og verða þeir in solidum dæmdir til greiðslu hennar.

Með eigin játningum ákærðu Ragnars Arnar, Loga Ernis og Óðins Ernis, sem eru í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að þeir hafi gerst sekir um háttsemi, sem varðar þá refsingu samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

XXIV.

Ákærðu Ragnar Örn, Logi Ernis og Óðinn Ernis hafa fyrir dómi játað, að þeir hafi í þjófnaðarskyni reynt að brjótast inn í skrifstofur í húsinu Baldusgötu 12 hér í borg um helgina 13.—15. ágúst 1977.

Með eigin játningum ákærðu Ragnars Arnar, Loga Ernis og Óðins Ernis, sem eru í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að þeir hafi gerst sekir um háttsemi, sem varðar þá refsingu samkvæmt 244., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

XXV.

Ákærðu Ragnar Örn, Logi Ernis og Óðinn Ernis hafa fyrir dómi játað, að þeir hafi hinn 14. ágúst 1977 farið inn í skrifstofur í húsinu Tjarnargötu 12 hér í borg og slegið þar heimildarlaust og í auðgunarskyni eign sinni á 60 bandaríkjadali, vindlakassa og 5.000 krónur í peningum.

Fram kemur í lögregluskýrslum, að mjög mikil spjöll voru unnin á staðnum.

Starfsmannafélag Reykjavíkur hefur krafist skaðabóta að fjárhæð kr. 19.000 og fræðsluskrifstofa Reykjavíkur kr. 415.336. Ákærðu hafa samþykkt kröfurnar, og verða þeir in solidum dæmdir til greiðslna þeirra.

Með eigin játningum ákærðu Ragnars Arnar, Loga Ernis og Óðins Ernis, sem eru í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að þeir hafi gerst sekir um hátterni, sem varðar þá refsingu samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði Frank var hinn 7. nóvember 1978 dæmdur sekur um brot gegn 244. gr. hegningarlaga, en ákvörðun refsingar frestað skilorðsbundið í 2 ár. Eftir atvikum og þar sem hann hefur að fullu greitt skaðabætur í málinu, þykir mega ákveða, að honum verði ekki gerð sérstök refsing.

Ákærði Ragnar Örn var hinn 9. ágúst 1978 dæmdur í 6 mánaða skilorðsbundið fangelsi, meðal annars vegna brots gegn 244. gr.

hegningarlaga. Hinn 7. nóvember 1978 var hann dæmdur í 6 mánaða óskilorðsbundið fangelsi fyrir sams konar brot. Loks var hann hinn 21. janúar 1979 dæmdur sekur um þjófnað, en ekki gerð sérstök refsing. Eftir atvikum og með hliðsjón af 77. og 78. gr. hegningarlaga þykir refsing hans nú hæfilega ákveðin fangelsi 4 mánuðir.

Þar sem ákærðu Logi Ernis og Óðinn Ernis hafa ekki áður verið dæmdir sekir um auðgunarbrot, þykir eftir atvikum mega ákveða, að ákvörðun refsinga þeirra skuli fresta og niður falla að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dóms þessa að telja, haldi ákærðu almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Dæma ber ákærðu alla til að greiða sakarkostnað in solidum.

Dómsorð:

Ákvörðun refsinga ákærðu Loga Ernis Sigvaldasonar og Óðins Ernis Sigvaldasonar skal fresta og niður falla að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dóms þessa að telja, haldi ákærðu almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði Ragnar Örn Eiríksson sæti fangelsi 4 mánuði.

Ákærða Frank Róbertssyni verður ekki gerð sérstök refsing í máli þessu.

Ákærði Ragnar Örn greiði: Æskulýðsheimilinu Bústöðum, Reykjavík, kr. 6.000, Kron, Reykjavík, kr. 60.746, Guðlaugi Kristjánssyni, Fjölnisvegi 14, Reykjavík, kr. 5.500 og Farfuglaheimilinu við Laufásveg, Reykjavík, kr. 4.800.

Ákærðu Óðinn Ernis og Ragnar Örn greiði in solidum Borgarbókasafninu, Reykjavík, kr. 75.000.

Ákærðu Logi Ernis og Ragnar Örn greiði in solidum Eddu Sigurðardóttur, Langaeyrarvegi 13, Hafnarfirði, kr. 23.200 og Önnu Hafsteinsdóttur, Ásbúð 16, Garðabæ, kr. 10.600.

Ákærðu Ragnar Örn, Logi Ernis og Óðinn Ernis greiði in solidum Kaupfélagi Króksfjarðar kr. 82.500, Húsgagnaverslun Reykjavíkur, Reykjavík, kr. 18.975, Gunnari Pálssyni, Skipholti 1, Reykjavík, kr. 45.000, Guðmundi Þórarinssyni, Skipholti 1, Reykjavík, kr. 30.000, Sælakaffi, Reykjavík, kr. 22.000, fræðsluskrifstofu Reykjavíkur, Reykjavík, kr. 415.336 og Starfsmannafélagi Reykjavíkur, Reykjavík, kr. 19.000.

Ákærðu greiði allan sakarkostnað in solidum.

Dómi ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 22. maí 1979.

Ár 1979, þriðjudaginn 22. maí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í vistheimilinu að Kvíabryggju í Eyrarsveit af Sverri Einarssyni sakadómar, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 207/1979: Ákærvaldið gegn Ragnari Erni Eiríkssyni, sem tekið var til dóms samdægurs.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 17. nóvember sl., á hendur ákærða, Ragnari Erni Eiríkssyni, Grýtu-bakka 30, Reykjavík, fæddum þar í borg 9. maí 1960, nú refsifanga að Kvíabryggju, „fyrir að hafa aðfaranótt fimmtudagsins 13. apríl 1978 heimildarlaust ekið tveim bifreiðum og reynt að aka þeirri þriðju, en ákærði hefur eigi öðlast ökuleyfi, þ. e. bifreiðinni R 5449 frá Óðinsgötu 11, þar til bifreiðin rakst á girðingarstaur og hlaða af gangstéttarhellum og skemmdist, bifreiðinni R 3148 frá Óðinsgötu 4, en bifreiðin rakst fljótlega á bifreiðina R 27187, sem þar var kyrrstæð og mannlaus á bifreiðastæði, og reynt að gangsetja bifreið af Chrysler gerð við Fjölnisveg 12, þar sem lögreglan handtók ákærða.

Telst þetta varða við 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 20/1956, sbr. að nokkru 20. gr. sömu laga og 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar réttar til að öðlast ökuleyfi samkvæmt 81. gr. umferðarlaga, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

Málavextir eru þessi samkvæmt eigin játningu ákærða og öðrum gögnum málsins:

Aðfaranótt fimmtudagsins 13. apríl f. á. kom ákærði, Ragnar Örn Eiríksson, að Fiat fólksbifreiðinni R 5449, sem stóð læst í innkeyrslu að húsinu nr. 11 við Óðinsgötu í Reykjavík. Ákærði komst inn í bifreiðina með því að spenna upp opnanlega hliðar-rúðu. Hann settist síðan undir stýri og gangsetti bifreiðina með lykli, sem hann hafði meðferðis. Ákærði ók bifreiðinni heimildarlaust um innkeyrslu hússins og tún í kringum húsið. Á ferð sinni um lóð hússins ók ákærði utan í girðingarstaur og hlaða af gangstéttarhellum. Ákærði hætti síðan akstrinum og hvarf á brott. Þá höfðu orðið þær skemmdir á bifreiðinni, að fram- og afturhoggvarar voru dældaðir, sömuleiðis fram- og afturbretti vinstra megin og vinstri hurð.

Fyrir utan húsið nr. 4. við Óðinsgötu kom ákærði sömu nótt

að Mazda fólksbifreiðinni R 3148. Ákærði fór inn í þessa bifreið, en ekki er upplýst, hvort hún var læst eða ólæst. Ákærði reyndi að gangsetja bifreiðina heimildarlaust með því að tengja saman víra í kveikjúlásnum. Við það kipptist bifreiðin til aftur á bak og lenti við það á kyrrstæðu og mannlausu Moskvits fálksbifreiðinni R 27187, sem stóð rétt aftan við hana. Engar skemmdir urðu af þessari háttsemi ákærða.

Ákærði hélt enn áfram ferð sinni gangandi og kom að Chrysler bifreið, sem stóð við Fjölnisveg 12. Ekki er upplýst, hvort hún var læst eða ólæst, en ákærði komst inn í hana og settist undir stýri. Var hann að fíkta við víra undir mælaborði bifreiðarinnar í því skyni að koma henni í gang til að aka henni heimildarlaust, þegar lögreglumenn komu að honum og handtóku hann um klukkan 0325 um nóttina, en lögreglunni hafði verið tilkynnt um pilt, sem væri að fíkta við bifreiðar á mótum Njarðargötu og Sjafnargötu, og var hún því á ferð á þessum slóðum.

Ekki sáust skemmdir á bifreiðinni.

Þegar framangreindir atburðir áttu sér stað, var ákærði öku-réttindalaus og nokkuð ölvaður að eigin sögn og mati lögreglunnar. Honum var þó ekki tekið blóð til alkóhólrannsóknar í þágu rannsóknar málsins, og ekki er hann ákærður fyrir að hafa verið undir áhrifum áfengis við framangreinda iðju.

Með eigin játningu ákærða, sem er í samræmi við annað, sem fram er komið í málinu, er sannað, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem hann er ákærður fyrir. Varðar hún við 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 20/1956, sbr. að því er snertir síðasta tilvikið við 20. gr. sömu laga og að því er öll tilvikin varðar við 1. mgr. 27. gr., sbr. 81. gr. umferðarlaga nr. 40/1968.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

- 1977 í Reykjavík: Uppvís að broti gegn 244. gr. hegningarlaga. Ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár frá 21. mars 1977.
- 1977 22/5 í Reykjavík: Sátt, 2.000 kr. sekt fyrir brot gegn 21. gr. áfengislaga.
- 1977 1/6 í Reykjavík: Dómur: 4 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 2 ár, fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.
- 1978 29/4 í Reykjavík: Sátt, 3.000 kr. sekt fyrir brot gegn 21. gr. áfengislaga.
- 1978 9/8 í Reykjavík: Dómur: 6 mánaða fangelsi, skilorðs-

bundið í 2 ár, fyrir brot á 244. gr. og 259. gr. hegningarlaga og 27. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Sviptur heimild til ökuleyfis í 1 ár frá birtingu dóms (6/9 1978).

1978 7/11 í Reykjavík: Dómur: 6 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. og 259. gr. hegningarlaga, 25. gr., 26. gr. og 37. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 2 ár frá birtingu dóms.

1979 25/1 í Reykjavík: Dómur: Sakfelldur fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga. Ekki gerð sérstök refsing.

Ákærði hefur með háttsemi sinni unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga og 80. gr. umferðarlaga, sbr. 1. gr. laga nr. 54/1976. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin með hliðsjón af 77. gr. og 78. gr. almennra hegningarlaga fangelsi í 30 daga.

Þá hefur ákærði með háttsemi sinni unnið sér til þess að verða sviptur rétti til þess að öðlast ökuleyfi, svo sem krafist er í ákæru og samkvæmt lagaákvæði því, er þar greinir, en þar sem ákærði hefur þegar hlotið ökuleyfisviptingu í 2 ár frá birtingu dómsins frá 7. nóvember sl., þykir ekki ástæða til frekari ökuleyfisviptingar.

Christa Jóhannsson, Óðinsgötu 11 í Reykjavík, eigandi bifreiðarinnar R 5449 hefur gert kröfu til þess, að ákærði verði dæmdur til þess að greiða henni 60.000 krónur í skaðabætur vegna skemmdanna á bifreiðinni og óþægindi af þeim sökum. Ákærði hefur samþykkt kröfuna og fjárhaldsmaður hans hefur ekkert við hana að athuga. Af þessum sökum og þar sem kröfunni þykir í hóf stillt, verður ákærði dæmdur til þess að greiða hana.

Loks ber að dæma ákærða samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað.

Dómsorð:

Ákærði, Ragnar Örn Eiríksson, sæti fangelsi í 30 daga.

Ákærði greiði Christu Jóhannsson 60.000 krónur í skaðabætur.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.